

Ed.

535. Frumvarp til laga

[194. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með nauðsynlegum varahlutum og tækjum, þó eigi fyrir hærri upphæð en 238 milljónum króna eða jafngildi hennar í erlendri mynt.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, við væntanlega aukningu hlutafjár í Flugfélagi Íslands h.f., að auka núverandi hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu hlutfallslega jafnmikið og nemur heildaraukningu hlutafjárins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flugfélag Íslands h.f. hefur að undanfögnu unnið að athugun á endurnýjun flugvéla í millilandaflugi, en þegar hefur félagið gert ráðstafanir til endurnýjunar flugvéla í innanlandsflugi með kaupum á 2 Fokker Friendship skrúfuþotum. Ör þróun í flugsamgöngum hefur gert það að verkum að flugvélar þær, sem nú eru í millilandaflugi á vegum félagsins, eru naumast lengur í samræmi við kröfur þær, sem gerðar eru, og rekstur þeirra óhagkvæmari en nýrri gerða flugvéla. Brýna nauðsyn ber því til að endurnýja flugvélaflotann, en hins vegar yrði óhagkvæmilega um svo mikla fjárfestingu að ræða, að Flugfélagið fengi ekki við hana ráðið án ríkisábyrgðar. Vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti stuðla að framgangi málsins með veitingu ríkisábyrgðar.

Flugfélag Íslands h.f. hefur helzt í hyggju að festa kaup á þotu af gerðinni Boeing 727 og er ríkisábyrgðarheimildin við þau kaup miðuð, en verði að ráði að kaupa eina eða fleiri flugvélar af annarri gerð, mundi ábyrgð veitt til þeirra kaupa, enda yrði kaupverð eigi hærra en verð einnar Boeing 727 þotu.

Um 1. gr.

Áætlað er að kaupverð Boeing 727 þotu, með nauðsynlegum varahlutum og tækjum, nemi sem næst 297 milljónum króna og gerir frumvarpið ráð fyrir, að ábyrgð ríkissjóðs megi taka til allt að 80% af því verði, þannig að hámark ábyrgðarinnar verður samkvæmt því 238 milljónir króna, eða jafngildi þess í erlendri mynt.

Um 2. gr.

Hlutafé Flugfélags Íslands h.f. er nú tæpar 20 millj. kr. Óumflýjanlegt verður að telja, til þess að styrkja fjárhagsaðstöðu félagsins, að auka verulega hlutafé þess, og áformar stjórn félagsins að hlutaféð verði a. m. k. þrefaldað eða aukið um 40 millj. kr.

Hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu er nú 2,6 millj. kr., eða sem næst 13%. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að fjármálaráðherra heimilist að auka núverandi hlutafjáreign ríkissjóðs hlutfallslega jafnmikið og nemur væntanlegri heildaraukningu hlutafjárins.